



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
7.2.2024	17:00	HT -104	10
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rakel Anna Boulter	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	7.2.2024	
Fundaraðilar mættir:			
Félagsvísindasvið:			
Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)			
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka) (<i>teams</i>)			
Kristmundur Pétursson (Röskva)			
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva) <i>mætti 17:34</i>			
Heilbrigðisvísindasvið:			
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)			
Daniel Thor Myer (Röskva)			
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)			
Hugvísindasvið:			
Guðni Thorlacius (Röskva)			
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)			
Menntavísindasvið:			
Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)			
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)			
Alex Elí Schweitz Jakobsson fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)			
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:			
María Rós Kaldalóns (Röskva)			
Davíð Ásmundsson (Röskva)			
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)			
Aðrir (án atkvæðisréttar)			
Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ			
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Sigurbjörg Guðmundsdóttir			
Linda Rún Jónsdóttir			
Fjóla Kristný Andersen			
S. Maggi Snorrason			
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir			
Juan Camilo Roman			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
Félagsvísindasvið: Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)			
Heilbrigðisvísindasvið:			
Hugvísindasvið: Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)			
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:			
Menntavísindasvið:			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 7. febrúar 2024 í stofu HT-104

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 15. janúar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:20
Announcements and issues ahead
4. Kynning - Juan Camilo Roman, Verkefnisstjóri Sprettis og fjölmenningsfulltrúi HÍ 17:24
Presentation - Juan Camilo Roman, Project manager of Sprett and multicultural representative of UI
5. Kynning frá Q-félagi hinsegin stúdenta 17:12
Presentation from the Queer Student Association
6. Tillaga um skipan þingfulltrúa á Landsþing LÍS 2024 (atkvæðagreiðsla) 17:
Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students (Vote)
7. Yfirlýsing vegna stöðu geðheilbrigðismála innan HÍ (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:10
Statement regarding the state of mental health issues within The University of Iceland (Vote)
8. Hlé 18:10-18:20
Intermission
9. Skipulagsmál og samgöngumál, umræður 18:30-18:40
Transportation and Environmental Affairs, discussion
10. Tillaga um Sjálfsala á Háskólartorgi (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:55
Proposal for Vending Machines at Háskólartorg (Vote)
11. Tillaga um hreiður í Sögu (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:10
Proposal for a child oriented area at Saga (Vote)
12. Tillaga um um staðlotur á Menntavísindasviði (atkvæðagreiðsla) 19:10-19:25
Proposal on teaching on site in the School of Education (Vote)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

13. Önnur mál 19:25-19:30

Other issues

14. Fundi slitið 19:30

Stúdentaráðsfundur 7. febrúar 2024 í stofu HT-104

Agenda Student Council Meeting on February 7th 2024 in room HT-104

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:02

The President of the Student Council convenes the meeting

2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs borin upp til samþykktar (*atkvæðagreiðsla*)

17:05-17:10

Vote on minutes from the Student Council meeting on December 13th

a. Atkvæðagreiðsla:

Einróma samþykkt með 13 atkvæðum

Arna Dís mætir 17:04

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:10-17:20

Announcements and issues ahead

a. Starfsemi skrifstofu

i. Íþróttaskóli vorannar

1. Góð skráning – ca. 16 börn í hvorum hóp.

ii. Annáll og mánaðarlegur pistill

1. Kristmundur spyr hvort hægt sé að fá tilkynningu um að pistlarnir séu komnir inn.

b. Fréttir úr LÍS

i. Fulltrúaráðsfundur 29. Janúar

1. LÍS sækir líklegast um áheyrnaraðild að LUF en ekki inngöngurétt. Við viljum halda okkar aðild. Við tókum ekki afstöðu um þeirra aðild.

c. Svar frá umboðsmanni alþingis varðandi erindi um skrásetningargjöldin. Hann var ekki tilbúin að taka málið fyrir vegna þess að málið er enn á borði háskólaráðs.

i. Háskólaráð getur tafið málið í ca. 6 mánuði.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- d. Akkerisfundur Háskóla Íslands
 - i. Forseti kynnti áherslur stúdenta í HÍ26. Forseti hvatti til þess á fundinum að stjórnendur myndu taka tillit til áherslanna og benda á það, hafi þau unnið eftir þeim, það er allra hagr: stúdentar myndu finna fyrir því að verið sé að hlusta á þau og það ýtir undir frekari þátttöku þeirra í að nýta rödd sína innan háskólasamfélagsins.

Breytingartillaga á dagskrá: Forseti leggur til að taka fyrir lið 5 nú þegar

*Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 13 atkvæðum.***

4. *(áður 5) Kynning frá Q-félagi hinsegin stúdenta 17:12*

Presentation from the Queer Student Association

- a. Maggi Snorrason, varaforseti Q félagsins kynnir starfsemi félagsins.

Emilía mætir 17:34

5. *(áður 4) Kynning - Juan Camilo Roman, Verkefnisstjóri Sprettis og fjölmenningarfulltrúi HÍ 17:24*

Presentation - Juan Camilo Roman, Project manager of Sprett and multicultural representative of UI

- a. Juan Camilo kynnir starfsemi Sprettis og þær áskoranir sem innflytjendur á Íslandi glíma við.

6. *Tillaga um skipan þingfulltrúa á Landsþing LÍS 2024 (atkvæðagreiðsla) 17:44*
Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students (Vote)

- a. Tillöguberi, Raket Anna, forseti Stúdentaráðs, flytur tillöguna.

7. febrúar 2024

T I L L A G A

um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð fær 13 fulltrúa á landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og er hér lagt til að þeim þingfulltrúum verði skipt á eftirfarandi máta:

Skrifstofa Stúdentaráðs: 2 fulltrúar

Stúdentaráðsliðar: 11 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga: 7 fulltrúar frá Röskvu og 4 frá Vöku

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla. Ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu upp í sína fulltrúa mun SHÍ leitast eftir því að manna sætin með öðrum meðlimum innan Stúdentaráðs sem áhuga hafa.

Rökstuðningur

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið **7. mars – 10. mars** nk á Hvanneyri. Þar koma aðildarfélög LIÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa. Þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildarfélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa í ár.

Að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er hugsuð til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að þinginu, sem og að tryggja að SHÍ manni öll sætin.

Verði tillagan samþykkt mun skráningarskjal fara í loftið morguninn 8. febrúar og reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi. Þá er ítrekað að aðalfulltrúar hafa forgang og þar næst á eftir varafulltrúar. Náist hins vegar ekki að manna sætin með aðal- og varafulltrúum geti aðrir sem embætti gegna innan Stúdentaráðs hafa kost á því að skrá sig.

Flutningsaðili: Skrifstofa Stúdentaráðs

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 14 atkvæðum.

7. Yfirlýsing vegna stöðu geðheilbrigðismála innan HÍ (atkvæðagreiðsla) 17:50
Statement regarding the state of mental health issues within The University of Iceland
(Vote)
 - a. Dagmar, varaforseti SHÍ, fer yfir yfirlýsinguna.
 - b. Mælendaskrá opin.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

i. **Sigríður** spyr hvort að stjórnendur noti félagsráðgjöf nemenda sem rökstuðning um að það vanti ekki sálfræðinga í HÍ

Dagmar segir að það hafi eitthvað borið á því.

Arna bætir við að það sé hættuleg þróun. Þetta er verkefni nema og þó þjónustan sé vissulega hjálpleg þá kemur hún aldrei fyllilega í stað sálfræðinga, enda séu ekki stuðst við jafn ítarlegar meðferðir. Einnig bendir Arna á að þegar neminn hefur lokið sínum kröfum að þá sé þetta búið hjá honum en ekki endilega hjá skjólstæðingnum sem missir þjónustuna.

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

8. Fundarhlé 18:00

Intermission

9. Skipulagsmál og samgöngumál, umræður 18:10

Transportation and Environmental Affairs, discussion

a. Kynning og umræður í kjölfar háskólaþings. Nánar var fjallað um málið í janúar pistli forseta sem aðgengilegur er á Teams svæði ráðsins.

i. Forseti furðar sig á samráðsleysi en allar ákvarðanir hafa verið teknar án þess að stúdentar séu hafðir með í ráði, þrátt fyrir fjölmargar ítrekanir og beiðnir til þess.

b. Mælendaskrá

i. **Arna** spyr hver næstu skref eru.

Foresti svarar að það kemur í ljós á háskólaráðsfundi í mars hver næstu skref verða, en að henni þykir það mjög ólíklegt að þetta takist í haust.

Kristmundur bendir á að þetta sé hærra gjald til Strætó en hefur verið í umræðunni.

Davíð hvað gerist ef við náum ekki 3000 manns?

Forseti svarar því að það er óvitað en líklegt að '3.000 manns' sé talan sem Strætó nefnir sem myndi koma aðgerðinni yfir núllið.

Daníel spyr hvort þetta sé þá í rauninni bara árskort í Strætó nema á 30.000kr í stað 50.000kr – forseti jánkar því.

Arna hver ákveði þetta



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Forseti segir það ekki beint skýrt en að hún myndi spyrja Rektor hvort hann megi taka ákvörðun um þetta sjálfur.

Sigga spyr hvort þetta verði eitthvað öðruvísi fyrir Heilbrigðisvísindasvið þar sem þau eru samstíga Landspítalanum – óvíst.

Kristmundur segir að Háskólinn hljóti að verða að taka ákvörðun bráðlega þannig að fólk sem er að þæla í að kaupa nýtt strætókort geti ákveðið sig.

Arna segir það vera pirrandi að það sé aldrei tekin ákvörðun því það sé ekki þor fyrir því. Jafnframt spyr Arna hvort Forseti viti eitthvað um að hvorri hliðinni Háskólinn hallast í augnablikinu.

Forseti svarar því að hún telur það líklegt að Háskólinn velji leið B þar sem að Leið A kosti meiri peninga.

Tanja bendir á að Menntavísindasvið sé að kveðja Stakkahlíð von bráðar og flytja í Sögu. Það eru mjög margir nemendur sem bætast við háskólasamfélagið með tilheyrandi umferð og öngþveiti, talar ekki um þegar að það eru staðlotur.

Elísabet spyr hvort að þau sem séu í staðlotum þyrftu að greiða sömu upphæð og önnur fyrir að fá að leggja frítt með leið B, þ.e., að fá nafn sitt skráð á hvítlistann þrátt fyrir að vera miklu minna á svæðinu. Forseti segir það að öllum líkindum vera svo.

Kristmundur fer fram á svohljóðandi bókun:

“Hið raunverulega vandamál sem við stöndum frammi fyrir er að stúdentar hafa ekki val. Allt of mörg okkar neyðast til að nota bíl, ástæður þess eru margar, ein þeirra er að almenningsgangnakerfið er alls ekki nógu gott. Það eykur við stóra vandamálið sem er að það eru of margir bílar á götunum og bílastæðunum. Það er vandamál sem verður ekki leyst með leið B. Það verður heldur ekki leyst með leið A, hún kemst nær því en hún er líka að vissu leyti gölluð. Það er miður að Háskóli Íslands setji nú fram tvo laka valkosti sem báðir eru gagnrýniverðir. Það verður að teljast eðlilegt að þegar gjaldskylda verður lögð á stúdenta verði gjaldið að vera hófsamt og á sama tíma verður að koma til móts við stúdenta með einhverjum hætti, t.d. með því að bjóða stúdentum U-passa á viðráðanlegu verði eins og við í Röskvu höfum lengi barist fyrir. Það væri skref í áttina að betri samgöngum fyrir öll og myndi gera almenningsgangur að raunverulegum valkosti sem er ekki bara umhverfissvænni heldur líka betri kostur fyrir fjárhag stúdenta.”

10. Tillaga um Sjálfsala á Háskólartorgi (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:55

Proposal for Vending Machines at Háskólartorg (Vote)

- a. Tillöguberi, Elísabet, oddviti Vöku, flytur tillöguna



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
7. febrúar, 2024

- T I L L A G A -
Sjálfsali á háskólatorg

Lagt er til að stúdentaráð, eða viðeigandi nefnd þess, beiti sér fyrir því að Ölgerðin komi fyrir sjálfsala líkt og þekkist á öðrum svæðum skólans á háskólatorg. Kjörinn staður fyrir slíkan sjálfsala væri á neðri hæð háskólatorgs.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Með tilkomu sjálfsala á Háskólatorgi myndi það bæta aðgengi námsmanna, sem læra þar utan opnunartíma Hámu að mat eða drykk sem væri annars ekki fáanlegur nema í næstu byggingum. Kjörinn staðsetning fyrir slíkan sjálfsala væri á neðri hæð á háskólatorgi þar sem að það er algengur lærdómsstaður námsmanna og þar sem það ætti að vera nægilegt pláss.

Elísabet Sara Gísladóttir

- b. Mælendaskrá opin
- c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

11. Tillaga um hreiður í Sögu (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:10

Proposal for a child oriented area at Saga (Vote)

- a. Tillöguberi, Dagbjört, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs, flytur tillöguna

Stúdentaráðsfundur
7. febrúar 2024

- T I L L A G A -
Um að tryggð verði aðstaða fyrir foreldra með börn á Sögu

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð ásamt sviðsráði Menntavísindasviðs beiti sér fyrir því að aðstöðu fyrir foreldra með börn verði komið fyrir á Sögu. Um er að ræða svæði þar sem næði væri fyrir stúdenta til þess að vera með börnin sín. Þar væri rými til brjóstagjafa, bleyjuskipta, leiks o.fl., slík svæði kallast gjarnan Hreiður.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Sviðsráð Menntavísindasviðs fagnar flutningi sviðisins á Hótel Sögu sem gert er ráð fyrir að verði nú í haust. Það er tímabært að sviðið flytji í betra húsnæði en það verður líka að fagna þeim tímamótum að stúdentar á sviðinu munu þá frekar komast raunverulega inn í háskólasamfélagið þar sem Stakkahlíðin hefur vegna landfræðilegrar legu sinnar einangrað okkur frá því. Þessum flutningum fylgja tækifæri til að gera betur og bæta umhverfi stúdenta og starfsfólks. Undirrituð sér tilefni til að bæta aðstöðu foreldra með ung börn sem eru í námi með því að útbúa svokallað Hreiður á Sögu.

Undirrituð vill að starfshópur um Sögu taki við kröfu stúdenta um hreiður - aðstöðu fyrir foreldra með börn, og setji verkefnið á dagskrá. Það er mikilvægt að veita þessum stóra nemendahópi á Menntavísindasviði sem eru foreldrar aðstöðu til brjóstgjafar, bleyjuskipta, leiks o.fl. þar sem þau fá frið frá hljóðmengun og umferð af fólki í húsinu. Hreiður í Sögu myndi ekki einungis þjóna foreldrum á Menntavísindasviði heldur auk þess stúdentum sem eru foreldrar ungra barna á öllum öðrum sviðum við skólann.

Fyrir hönd sviðsráðs Menntavísindasviðs
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Röskvu

b. Mælendaskrá opin:

i. *Arna*: Hafa komið einhver rök á móti?

Dagbjört: Nei í rauninni höfum við bara engin svör fengið – það hefur þó komið sú lausn að troða þessu bara inn í sviðsráðsherbergi.

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

12. Tillaga um um staðlotur á Menntavísindasviði (atkvæðagreiðsla) 19:10

Proposal on teaching on site in the School of Education (Vote)

a. Tillöguberi, Dagbjört flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur
7. febrúar 2024

- T I L L A G A -

Um að Menntavísindasvið endurskoði nýtingu og forsendur fyrir staðlotum á sviðinu.

Við í sviðsráði menntavísindasviðs viljum að stúdentaráð þrýsti á stjórn Menntavísindasviðs að endurskoða nýtingu og forsendur staðlotna á sviðinu



- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Margar námsleiðir á Menntavísindasviði bjóða upp á kennslu í fjarnámi sem margir stúdentar nýta, sérstaklega þau sem búsett eru utan Höfuðborgarsvæðisins. Eðli málsins samkvæmt er þörf á að haldnar séu staðlotur reglulega. Hugmyndin á bak við staðlotur er sú að stúdentar taki þátt í verklegri kennslu og kynnist samnemendum sínum betur. Mikilvægt er að kennarar í námskeiðum sem halda staðlotur hugi vel að því hvernig kennslustundir eru nýttar. Sviðsráð hefur orðið vart við óánægju stúdenta sem þurfa gjarnan að ferðast langar vegalengdir til þess að koma í staðlotur. Fordæmi eru fyrir því að stúdentar búsettir á landsbyggðinni leggi land undir fót til þess eins að sitja fyrirlestur. Þessi hópur stúdenta þarf að leggja út fyrir ferðakostnaði og gistingu til þess að mæta í staðlotur, á sama tíma eru mörg þeirra að missa úr vinnu. Innan þessa hóps eru líka foreldrar sem eru ekki öll í jafn góðri stöðu til að fara frá fjölskyldunni í nokkra daga til þess að mæta í staðlotu.

Mikilvægt er að staðlotur séu nýttar til þess að miðla efni sem ekki er kostur á að miðla í fjarkennslu. Þess vegna vill undirrituð að framkvæmd sé úttekt á staðlotum á Menntavísindasviði með það markmið að bæta úr þessu misræmi og tryggja gæði náms og kennslu.

*Fyrir hönd sviðsráðs Menntavísindasviðs
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Röskvu*

b. Mælendaskrá opin

- i. ***Eiður:** Ég er hjartanlega sammála þessu. Ég hef heyrt dæmi um að starfsfólk í kennslu í Keflavík hafi þurft að fá frí frá vinnu til að mæta í tíma þar sem það var að læra að lita – því það var skyldumæting.*

c. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

13. Önnur mál 19:15

Other issues

- a. Forseti tilkynnir ráðinu um að næsti fundur sé lagabreytingarfundur eins og lög segja til um
 - i. *Tanja bætir því við að næsti fundur eigi að vera í Stakkahlíð.*
- b. Guðni, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs er með tillögu.
 - i. Guðni fer stuttlega yfir tillöguna
 - ii. Atkvæðagreiðsla um að taka tillöguna fyrir



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum

iii. Tillöguberi flytur tillöguna

Stúdentaráðsfundur

7. febrúar 2024

- TILLAGA -

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Árnagarður sé settur á lista þeirra bygginga sem handhafar aðgangskorts geta kosið að hafa aðgang að utan hefðbundins opnunartíma (frá 7:30-24:00).

Einnig er lagt til að SHÍ þrýsti á háskólayfirvöld að koma sjálfsala fyrir í Árnagarð.

- RÖKSTUÐNINGUR -

Árnagarður er eitt helsta athvarf hugvísindanna á Íslandi, enda á sér þar stað kennsla í öllum deildum Hugvísindasviðs. Nú er stofnun Árna Magnússonar við það að ljúka flutningi sínum af 2. hæð Árnagarðs yfir í Eddu, og því mun fermetraplássið sem stendur óbreyttum nemendum og starfsfólki til nota aukast um þriðjung. Ljóst er að vægi Árnagarðs mun því aukast í augum hugvísindanema. Það ber einnig að nefna að á öllum fræðasviðum innan háskólans nema Hugvísindasviðs er að minnsta kosti ein heimabygging sviðsins aðgengileg umfram hefðbundinn lokunartíma með aðgangskorti. Undirritaður telur það eðlilegt að hugvísindanemum standi slíkt hið sama til boða og telur Árnagarð vera þá byggingu sem hentar hvað best til þess. Nemendafélög á Hugvísindasviði bera sig nú þegar í sameiningu eftir kaffibjörginni og bjóða upp á kaffi á Baðstofunni, en þar sem hámustarfsemi í grenndinni stafar hætta af verðbólgunni væri tilkoma sjálfsala í Árnagarð hugvísindanemum til mikilla hagsbóta. Slík þjónusta myndi sérstaklega vera þeim nemum sem dvelja í Árnagarði eftir auglýstan lokunartíma til mikillar hagræðingar.

Guðni Thorlacius, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs

iv. Mælendaskrá opin:

1. *Eiður stingur upp á nokkrum breytingartillögum en dregur þær til baka þar sem hann ætlar að móta breytingartillögunar í eina tillögu fyrir næsta stúdentaráðsfund.*

v. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.

14. Fundi slitið 19:30

Meeting ends